

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Ársskýrsla 2024

Sýningar

Í neðri sal safnsins var framhald sýningar á verkum Sigurjóns Ólafssonar sem nefndist Úr ýmsum áttum og stóð hún til ársloka.

Þrjár gestasýningar voru haldnar í efri sal safnsins:

Heima og Heiman

september 2023 til 12. maí 2024

Framhald sýningar á málverkum Þuríðar Sigurðardóttur. Sýningin tengdist Laugarnesi og æskuslóðum Þuríðar. Sýningarstjóri Markús Þór Andrésson, sem einnig skrifaði grein í sýningarskrá. Í tengslum við sýninguna hélt Pura, og gestir hennar, ferna tónleika í safninu.

Þræðir og þrívíð form

2. júní til 15. september

Sýning á skúlptúrum dönsku textíllistakonunnar Anni Bloch og Sigurjóns Ólafssonar. Þau eiga það sameiginlegt að hafa skapað óhefðbundin listaverk með gömlu hefðbundnu handverki. Flest verka Anni voru unnin í silki með nál og þræði á sama hátt og hefur verið gert frá örófi alda, og verk Sigurjóns á sýningunni voru höggvin í tré.

Laugarneshughrif

28. september til 1. desember

Grafítteikningar kanadíska fjöllistamannsins Carl Philippe Gionet. Verk hans eru öll unnin hér á landi undir áhrifum hins hrjúfa landslags og sögu Laugarness. Tónleikar hans og kanadísku söngkonunnar Christina Haldane tengdust sýningunni.

FÖR

tvær helgar í nóvember

Efnt var til tveggja helga sýningar undir þessu nafni þar sem sýndar voru þrjá aflikur sem Andrea Fanney Jónsdóttir klæðskerameistari hannaði.

Tónleikar og aðrir viðburðir

Markmið Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er að auðga mannlíf og menningu í Reykjavík. Frá upphafi safnsins fyrir 36 árum hefur safnið staðið fyrir ýmsum menningarviðburðum og eru Sumartónleikar þess löngu orðnir fastir viðburðir í borgarlífinu. Fyrir þremur árum var tekin upp sú nýbreytni að halda sérstakar vetrar- og haustdagskrár í anda sumartónleikanna, en með fjölbreyttari efnisskrá. Alls voru haldnir 24 tónleikar á vegum safnsins á liðnu ári og eins og sjá má í meðfylgjandi lista um viðburði voru, auk tónleikanna, haldnir fimm fyrirlestrar og sunnudaginn 3. nóvember var efnt til Laugarnesvöku í safninu til stuðnings náttúru og búsetulandslagi í Laugarnesi.

Í tengslum við sýningarnar hafa verið leiðsagnir og sunnudaginn 1. desember 2024 var opið hús og fríar kaffiveitingar í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá því að Birgitta Spur stofnaði Listasafn Sigurjóns Ólafssonar um verk eiginmanns síns. Birgitta hélt erindi um tilurð og sögu safnsins og heimildarmyndin TORN, sem fjallar um Birgittu, var sýnd á hinu stóra sýningartjaldi safnsins.

Tvisvar leigðu tónlistarmenn salinn fyrir eigin tónleika, tvennir brottfarartónleikar frá Listaháskólanum fóru fram í safninu og eins og undanfarin ár leigði tónlistarskóli MÍT sal safnsins fyrir nemenda- og útskriftartónleika.

Kynningarmál

Lýsingar á viðburðum á vegum safnsins hafa ávallt verið aðgengilegar á heimasíðu þess og sendar eru út fréttatilkynningar um alla viðburði í tölvupósti á yfir 300 netföng, fréttaveitur og samfélagsmiðla. Morgunblaðið birtir reglulega fréttatilkynningar um viðburði safnsins og Hverfisblað Laugardals hefur mjög oft gert starfsemi safnsins góð skil. Lítið hefur verið um keyptar auglýsingar.

Skráning og rannsóknir

Allir viðburðir, sýningar, tónleikar, ráðstefnur og annað slíkt á vegum safnsins er kynnt jafnóðum á vefsíðum þess (www.LSO.is) og þannig gengið frá að þar má auðveldlega lesa viðburðasögu safnsins allt frá upphafi.

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar hefur hins vegar ekki verið uppfærð sem skyldi vegna anna, en gögnum er haldið til haga til að hefja það starf þegar tími leyfir.

Viðhald á fasteignum

Á haustmánuðum var ráðist í viðamiklar viðgerðir á húseigninni, sem hófust í raun árið áður, en þá var skipt um alla þakglugga á safninu, í stað timburglugga sem fúi var kominn í voru smíðaðar álgrindur sem eru bæði endingarbetri og léttari. Í haust var þakdúkur og klæðning rifin af millibyggingunni. Í ljós kom að ekki var fúi í burðarbitum, en aukalektur voru lagðar þvert á sperrur til að lofta betur milli sperruhólfa, síðan var klætt yfir með 1"x6" og dúkur sem fyrr. Ekki var lokið við að ganga frá áfellum fyrir lok ársins og plastklædda hetta sú er yfir húsið var byggð stóð yfir áramótin. Að innan var klæðning rifin úr lofti efri salar, allt upp að rakasperru sem var endurnýjuð og vandlega frá gengið. Þannig stóð viðgerðin í lok árs. Málað var utanhúss eins og veður gaf.

Skipt var um brunavöktunarkerfi í safninu, en rekstraraðilar töldu sig ekki geta annast viðhald á þeim nær 40 ára búnaði sem fyrir var. Öryggismiðstöðin sér um búnaðinn, en Securitas vaktar kerfið. Framkvæmdasýsla Ríkisins, FSRE, sér um viðhald á húsnæðinu og hefur Jón Óskar Óskarsson, tengiliður FSRE við safnið, sýnt safninu sérstakan áhuga og velvild.

Gestafjöldi

Fjöldi gesta árið 2024 var 3.338, og er það um það bil 100 færri gestir en árið 2023.

Aðalfundur félagsins

var haldinn fyrsta júlí 2024

Stjórn Rekstrarfélags Grímu ehf. skipa:

Birgitta Spur formaður, Hlíf Sigurjónsdóttir, Helgi Ágústsson, Halldóra Jónsdóttir og Vikar Pétursson. Í varastjórn félagsins eru: Guðbjörg Sandholt Gísladóttir og Þuríður Sigurðardóttir.

Endurskoðandi

Endurskoðandi rekstrarfélagsins Grímu ehf. er Eymundur Sveinn Einarsson löggiltur endurskoðandi, og endurskoðunarskrifstofa hans heldur utan um bókhald félagsins.

Aðgangseyrir

Aðgangur að safninu er ókeypis fyrir börn innan 18 ára og öryrkjar. Einnig er frítt fyrir félaga ICOM. Aðgangseyrir fyrir fullorðna eru 1000 kr. og fyrir eldri borgara 500 kr.

Safnið er opið svo:

- 1. febrúar – 31. maí: laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17.
 - 1. júní – 15. september: opið daglega nema mánudaga kl. 13 – 17.
 - 15. september – 30. nóvember: laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17.
- Lokað er í desember og janúar.

Starfsfólk

Birgitta Spur safnstjóri – að mestu í sjálfböðavinnu. Hlíf Sigurjónsdóttir og Geirfinnur Jónsson skipta með sér einni stöðu. Starfsfólk í afgreiðslu og kaffistofu voru auk þeirra: Þórhallur Runólfsson, Maríbel Gonzales Sigurjóns og Ólöf Ingólfsdóttir. Safnið hefur notið ómetanlegrar aðstoðar sjálfböðaliða bæði á tónleikum og öðrum samkomum. Hjálparhellur voru þær Hólmfríður Þóroddsdóttir, Halldóra Jónsdóttir og Helga Harðardóttir. Starfsemi safnsins líður fyrir að ríkisstyrkur og launaskrið fylgist ekki að.

Birgitta Spur

Yfirlit yfir tónleika og viðburði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

2024

Vetrar og vordagskrá

3. og 4. febrúar

Puríður Sigurðardóttir söngkona ásamt söngvurunum **Berglindi Björku Jónasdóttur** og **Sigurði Helga Pálmasyni** buðu upp á notalega tónlist við undirleik **Láru Bryndísar Eggertsdóttur** píanóleikara, **Hlífur Sigurjónsdóttur** fiðluleikara, **Bjarna Sveinbjörnssonar** kontrabassaleikara og **Péturs Grétarssonar** slagverksleikara. Flutt voru verk sem spanna yfir hundrað ár í sögu tónlistarinnar, allt frá Edward Elgar til Braga Valdimars.

6. febrúar

Saga saumuð á langan refil: **Reynir Tómas Geirsson** fyrrverandi prófessor og yfirlæknir sagði frá hinum fræga refli frá Bayeux, sem saumaður var á elleftu öld. Refillinn er rúmlega 70 metra langur og myndefnið er eins konar myndasaga sem endar á orrustunni við Hastings í Englandi árið 1066, þegar innrásarlið frá Normandí réðst inn í England.

13. febrúar

Njálurefillinn – Sköpun hans í máli og myndum: **Kristín Ragna Gunnarsdóttir**, teiknari og rithöfundur, sagði frá gerð Njálurefilsins sem hún hannaði og teiknaði. Refillinn er rúmlega 90 metra langur með teikningum sem byggja á Njálssögu og er saumaður með refilsaumi í anda hins fræga Bayeux-refils. Hugmyndina að Njálureflinum áttu þær Christina Bengtsson og Gunnhildur Kristjánsdóttir og fjöldi manns tók þátt í að sauma hann á Hvolsvelli.

20. febrúar

Flautukvartettar Mozarts: **Freyr Sigurjónsson** flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Martin Frewer** víóla og **Þórdís Gerður Jónsdóttir** selló. Fluttir voru allir fjórir flautukvartettar Mozarts, en þrjá þeirra samdi hann í Mannheim veturinn 1777–78, og hinn fjórða áratug síðar. Mannheim verkin samdi hann eftir pöntun fyrir áhugamannakvartett og eru þeir ekki eins margslungnir og mörg önnur verk hans, en engu að síður yndisleg, hljómmikil, glettin og krefjandi fyrir öll hljóðfærin.

27. febrúar

Sigvaldi Kaldalóns. Dagskrá í tali og tónum um eitt vinsælasta tónskáld þjóðarinnar Sigvalda Kaldalóns: **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari og **Gissur Páll Gissurarson** tenór. Fluttar voru perlor Sigvalda, m.a. þú eina hjartans yndið mitt, Svanasöngur á heiði, Þótt þú langföruhlutur og Ég lít í anda liðna tíð. Lesnir voru kaflar um hið áhugaverða líf og listsköpun Sigvalda, en hann starfaði að lengst af sem læknir á landsbyggðinni.

19. mars

Frá Svartárkoti til Huldu á Skútustöðum, með viðkomu í Stafnsholti: **Viðar Hreinsson** tengdi saman alþjóðleg umhverfshugvísindi og þjóðleg fræði landsbyggðarinnar í spjalli um vegferð frá verkefninu Svartárkot, menning - náttúra sem hófst árið 2007, til hins nýstofnaða náttúruhugvísindaseturs Huldu sem starfrækt er á Skútustöðum í Mývatnssveit. Spjallið var kryddað með sögum af Helga Jónssyni frá Stafnsholti á Fljótsheiði sem kalla má merkasta óþekkta höfund íslenskra bókmennta.

26. mars

Sólrún Bragadóttir sópran og **Jón Sigurðsson** píanóleikari: Flutt var úrval sönglaga frá síðrómantíska tím- anum, meðal annars Ljóðaflokkur ópus 90 eftir Jean Sibelius. Einnig sönglög eftir Reynaldo Hahn, Henri Duparc, Hugo Wolf, Richard Strauss, Ernest Chausson og Francis Poulenc.

9. apríl

Brot úr þriggja alda sögu fiðludúósins: **Hlíf Sigurjónsdóttir** og **Martin Frewer** fiðluleikarar sem Duo Landon. Flutt voru fiðludúó eftir Jean-Marie Leclair og Charles Auguste de Bériot og íslensk fiðludúó eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Hildigunni Rúnarsdóttur og Martin Frewer ásamt nokkrum Þingeyskum fiðlulögum sem Páll H. Jónsson skráði og Martin útsetti fyrir fiðludúó.

18. og 19. apríl

Þura Sigurðardóttir söngkona ásamt gestum: Íslensk og erlend lög sungin við íslenska söngtexta sem allir kannast við og spanna hundrað ár í sögu tónlistarinnar. Fram komU: Þura, **Berglind Björk Jónasdóttir**, **Sigurður Helgi Pálmason**, **Lára Bryndís Eggertsdóttir**, **Hlíf Sigurjónsdóttir**, **Bjarni Sveinbjörnsson** og **Péturs Grétarsson**.

23. apríl

Einleikstónleikar: Ítalski píanóleikarinn **Sebastiano Brusco** lék perlur úr heimi klassísku tónlistarinnar, Són-ötu númer 12 eftir Mozart, Drei Klavierstücke eftir Schubert og þrjú af píanóverkum Chopins.

22. maí

Áætlað var að Jón Þorsteinsson söngvari héldi söngtónleika í safninu þann 14. maí, en hann lést 4. maí og var jarðaður frá Ólafsfjarðarkirkju 22. maí. *Streymt var frá útförinni* og opnaði Listasafn Sigurjóns hús sitt fyrir vinum og vandamönnum Jóns að koma og fylgjast með útförinni í mynd og hljóði. Fjöldi manns kom og tók þátt í söng og athöfnum útfararinnar. Voru allir mjög þakklátir safninu fyrir framtak þetta.

Sumartónleikar

2. júlí

Ómur úr suðri. **Freyr Sigurjónsson** flautuleikari og **Arnaldur Arnarson** gítarleikari fluttu suðræna tónlist. Sónatína ópus 205 eftir Mario Castelnuovo-Tedesco, Original Tänze eftir Franz Schubert, Musiques populaires brésiliennes eftir Celso Machado og Suite Buenos Aires eftir Máximo Diego Pujol.

9. júlí

Draumur, saumur og dans. **Einar Jóhannesson** klarínnettuleikari og **Alessandra Pompili** píanóleikari fluttu rómantísk nítjándu aldar verk hjónanna Clöru og Roberts Schumann og Norbert Burgmüller. Einnig fluttu þau nýrri verk, meðal annars Bútasaur, glænýtt verk eftir John Speight og verk eftir enska tónskáldið, listmálarann og rithöfundinn Thomas Pitfield. Litríkur ungverskur dans hnýtti svo lokahnúttinn á tónleikana.

16. júlí

Fuglasöngur og serenöður. Trío Sól: **Emma Garðarsdóttir** og **Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir** fiðluleikarar og **Þórhildur Magnúsdóttir** víóluleikari. Flutt var verkið O3, sem Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir samdi sérstaklega fyrir þetta trío. Einnig serenöður og sönötur eftir Zoltán Kodály, Max Reger og Ludwig van Beethoven.

23. júlí

„Hún er vorið“. **Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir** mezzosópran og **Francisco Javier Jáuregui** gítarleikari. Íslensk og erlend lög sem tengjast konum á einn eða annan hátt. Auk titilverksins eftir Hauk Tómasson mátti meðal annars heyra Vísur Vatnsenda-Rósu eftir Jón Ásgeirsson, Maríukvæði eftir Atla Heimi Sveinsson, Þökk sé þessu lífi eftir Violetu Parra, Madrid eftir Ólöfu Arnalds og Síðasti strætó fer korter í eitt eftir flytjendurna við sonnettu eftir Kristján Þórð Hrafnsson.

30. júlí

Náttúra, ónáttúra og yfirnáttúra. **Erla Dóra Vogler** mezzosópran, **Björk Níelsdóttir** sópran, **Gróa Margrét Valdimarsdóttir** fiðluleikari og **Eva Pyri Hilmarsdóttir** píanóleikari. Tónleikar með nýjum og eldri sönglögum eftir Þórunni Guðmundsdóttur söngkonu. Fluttir voru glettnislegir söngduettar við texta tónskáldsins, einsöngslög við texta Hannesar Hafsteinog ný kammer-sönglög fyrir söngrödd, víólu og píanó, þar sem textarnir eru fengnir úr þjóðsögum og munnmælum.

6. ágúst

TRISTIA. **Pórdís Gerður Jónsdóttir** sellóleikari og **Svanur Vilbergsson** gítarleikari. Flutt var verk Hafliða Hallgrímssonar Tristia sem var kveikjan að samstarfi flytjenda. Einnig Svíta af vinsælum spánskum lögum eftir Manuel de Falla og Sónata fyrir selló og gítar eftir Radamés Gnattali.

13. ágúst

Chalumeaux –Tríóíð og Hanna Dóra. **Kjartan Óskarsson, Sigurður Ingvi Snorrason og Ármann Helgason** klarínnettuleikarar ásamt **Hönnu Dóru Sturludóttur** söngkonu. Flutt voru tónverk sem spanna alla sögu klarínnettunnar og forvera hennar, allt frá fyrsta áratugi átjándu aldar fram á okkar daga. Á efnisskrá þessara tónleika voru meðal annars verk eftir Christoph Graupner, Pál P. Pálsson, Jónas Tómasson og Hjálmar H. Ragnarsson.

Haustdagskrá

6. október

„Partons, la mer est belle“. **Christina Raphaëlle Haldane** sópran **Carl Philippe Gionet** píanó. Tólf akademísk þjóðlög, útsett af Carl Philippe Gionet. Akadínar nefnast franskir innflytjendur og afkomendur þeirra sem settust að við austurströnd Kanada, sem þá nefndist Akadía, á 17. og 18 öld. Menning þeirra er enn þann dag í dag afar rík af tónlist og frásagnarhefð.

3. nóvember

Laugarnesvaka: Á Laugarnestanga, þeim litla skika sem eftir er óbyggður af hinu forna stórbýli Laugarnesi, er eina óspillta fjaran á norðurströnd Reykjavíkurborgar, þar eru svæði með tiltölulega náttúrulegum gróðri, þar er griðland fugla og þar eru menjar um búsetu allt frá landnámi. Reynt hefur verið að seilast inn á Tangann til að byggja á honum, eða leggja vegi yfir hann, en velunnurum hefur hingað til tekist að afstýra því. Markmið íbúasamtakanna „Laugarnesvinir“ er að Laugarnestangi verið friðlýstur sem náttúru- og minjavætti innan Reykjavíkurborgar. Erindi fluttu m.a. Puríður Sigurðardóttir og Steinunn Jóhannesdóttir.

Auk þess var salurinn leigður fyrir:

29. febrúar „Klassísk tónlistarveisla“, Tvennir tónleikar nemenda MÍT

15. mars Tónleikar. Berta Dröfn Ómarsdóttir sópran Svanur Vilbergsson gítarleikari

4. apríl Rótary hreyfingin leigði salinn fyrir afhending menningarstyrkja.

17. apríl Tvennir nemendatónleikar MÍT

18. maí Útskriftatónleikar Listaháskólans, Edda Óskars klarínnettuleikari.

25. júlí „Mig dreymdi“Tónleikar Írisar Bjarkar Gunnarsdóttur sópran og Ólínu Ákadóttur píanóleikara.

7. nóvember KFUM heimsækir safnið, er með eigin dagskrá og fær fyrirlestur hjá Birgittu.

28. nóvember Útskriftartónleikar Listaháskólans. Ásta Dóra Finnsdóttir píanóleikari